

verður eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði og allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 50 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Í máli þessu er kærði sakaður um, að hafa gjörzt brotlegur gegn hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 30. ágúst 1926, með því að óhlýðnast fyrirmælum Kristjáns Egilssonar gæzlumanns við höfnina, en samkvæmt rskj. nr. 3, útskrift úr gjörðabók Vestmannaeyjakaupstaðar, hefir bæjarstjórn ætlað nefndum manni eingöngu lögreglu eftirlit. En þar sem að bæjarstjórnina brestur alla heimild til þess að skipa mann til slíks starfa, getur það ekki varðað hegningu að óhlýðnast honum. Ber því að sýkna kærða af kröfum valdsstjórnarinnar í máli þessu.

Mánudaginn 10. febr. 1930.

Nr. 61/1929.

Guðmundur Guðnason

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

fiskiveiðahlutafélaginu Nirði

(Lárus Jóhannesson).

Krafa um eftirstöðvar af skipstjórakaupi, hundraðsgjaldi af afla, eigi tekin til greina.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 1. júlí 1929: Stefnður, fiskiveiðahlutafélagið »Njörður« á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Guðnasonar, í þessu máli. Stefnandi greiði stefndum málskostnað með 400 krónum innan þriggja lahringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagri aðför aðsö lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt upplýsingum, er fram hafa komið í hæstarétti, var botnvörpuskipið Njörður nýkomið af sildveiðum í september 1927, er áfrýjandi var látinn fara af því, og fór ekki út á fiskveiðar aftur fyr en 18. okt. s. á., þá á ísfiskveiðar. Verður því ekki um það deilt, að ferð skipsins var á enda, er áfrýjandi fór af því 9. september.

Að þessu athuguðu og með því að skjöl þau, er lögð hafa verið fram af nýju í hæstarétti, leiða ekki til annarar niðurstöðu en komizt er að í hinum áfrýjaða sjóréttardómi, ber að staðfesta hann af þar greindum ástæðum.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 300 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða sjóréttardómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Guðmundur Guðnason, greiði stefnda fiskiveiðahlutafélaginu Nirði málskostnað fyrir hæstarétti með 300 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum. _____

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað með stefnu, dags. 24. maí 1928, Guðmundur skipstjóri Guðnason, Bergstaðastræti 26B, gegn fiskiveiðahlutafélaginu »Njörður« til greiðslu á kr. 7010.16, sem stefnandi telur vera eftirstöðvar af skipstjórakaupi hans, hundraðsgjaldi af afla, á b/v. »Njörður«, R.E. 36, frá árunum 1922—1927, ásamt 6 % ársvöxtum frá 1. janúar 1928 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins. Auk þess krefst stefnandi, að honum verði tildæmdur sjóveðréttur

í b/v. »Njörður«, R.E. 36, fyrir hinni umstefndu upphæð ásamt vöxtum og málskostnaði. Hið stefnda hlutafélag hefir aftur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar með 400 krónum eða eftir mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau: Stefnandi var skipstjóri á skipi stefnds b/v. »Njörður« um mörg ár, enginn skriflegur samningur var um ráðningarkjör hans, en hann kveðst hafa munnlega samið þannig við stefndan, að launin væru auk 150 króna fasts mánaðarkaups 3 % af brutto andvirði alls afla skipsins, og uppsagnarfrestur 3 mánuðir. Hin stefnda stjórn h/f. »Njörður« hefir eindregið neitað því, að nokkur sérstakur samningur hafi verið gjörður við stefnanda, heldur hafi verið gengið út frá því, það verið þegjandi samkomulag þegar stefnandi tók við skipstjórninni, að hann fengi þau kjör, er almennt giltu milli skipstjóra og útgjörðar botnvörpuskipa.

Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda og skipstjórar gjörðu með sér skriflegan samning 9. nóv. 1921, og var þar ákveðið, að mánaðarkaup skipstjóra skyldi vera 150 kr. á mánuði og hundraðsgjald 3 % af brutto söluverði fiskjarins, miðað »við andvirði fiskjarins á pakkhúsgólfi, hvort sem hann er seldur sem saltfiskur eða þurfiskur«, en lagt skyldi til grundvallar fyrir nefndu hundraðsgjaldi af ísfiski söluverð hans á sölustaðnum.

Í þessum samningi, sem aðeins var gjörður til eins árs, þ. e. gildi til 1. okt. 1922, er eigi getið um hlut skipstjóra eða hundraðsgjald af andvirði lifrarafla skipsins. En stefnandi telur sig einnig eiga að fá 3 % gjald af lifrarafla skipsins fyrir árin 1922—1927 incl. og samkv. tölu lifrarfata og lifrarverði þessi ár, telur stefnandi þetta hundraðsgjald nema samtals kr. 5611.89 og er þetta annar höfuðliðurinn, sem falinn er í dómkröfu hans. En hinn liðurinn nemur kr. 1398.27, sem eru 3 % af söluverði ísfisks, er aflaðist á b/v. »Njörður« á tímabilinu frá 8. sept. til 8. dez. 1927. En þannig stendur á þessum lið dómkröfunnar, að 8. sept. 1927 var stefnanda fyrirvaralaust sagt upp stöðu sinni, og hann þegar látinn fara af skipi, telur hann sig eiga að fá nefnt hundraðsgjald af aflanum, þótt hann væri þá vikinn af skipinu, auk fasta kaupsins 150 kr. á mánuði, sem honum hefir verið greitt til ársloka 1927 samkv. skýrslu stefndu, þó ekki sem kaup með tilliti til uppsagnarfrests heldur sem þóknun vegna langrar starfsemi á skipinu og hefir hann mótmælt þeirri fullyrðingu, að í þessu felist

viðurkenning um rétt stefnanda til 3ja mánaða uppsagnarfrests.

Gegn neitun stefnds hefir stefnanda ekki tekizt að sanna það, að á milli þeirra hafi verið gjörður nokkur einkasamningur um launakjör eða uppsagnarfrest og verður því um fyrra atriðið að leggja til grundvallar skýrslu stefnds um það, að launakjör stefnanda skyldu söm og almennt giltu fyrir skipstjóra á botnvörpuskipum, sem ekki hefðu sérsamninga, og um síðara atriðið verður að fara að landslögum.

Fyrir 1921 hafði ekki verið gjörður neinn sameiginlegur samningur um launakjör, með samningnum 9. nóv. það ár verða því nokkur tímamót um samningskjör. Áður höfðu skipstjórar, þar á meðal stefnandi, haft 5 % af verði fiskaflla t. d. árið 1920, og 4 % árið 1921, og útgjörðarmenn höfðu almennt greitt skipstjórum þóknun af lifrarafla, sem þó var ekki miðuð við hundraðsgjald af verðmæti lifrar, heldur var það upphæð, 2 kr. eða 1 kr. af hverju lifrarfati. En auk þessa höfðu skipstjórar þá eins og síðar aukabóknun sömu og aðrir skipverjar að undanteknum vélamönnum, samkv. ákvæði í samningum milli sjómannafélaganna og útgjörðarmanna, ákvæði um þessa aukabóknun, þótt hún nemi jafnan verulegri upphæð, var því óþarft að taka upp í samninginn frá 9. nóvember, enda var það ekki gjört. — Það er upplýst í málinu, að með þessum samningi voru laun skipstjóra lækkuð, hundraðsgjaldið ákveðið 3 %, að visu af andvirði fiskjarins fullverkuðum, og greiðsla af lifrarafla felld niður og er þetta eftirtektarvert fyrir þá sök, sem áður segir, að skipstjórar höfðu notið hennar áður og það er ekki hægt gegn berum orðum samningsins að leggja þann skilning í hann, að hundraðsgjald það, sem þar er ákveðið, taki einnig til lifrarafla skipsins, enda þótt það hafi verið játað þá og síðan, að lifrarafli skips væri eign útgjörðar en ekki skipverja. Að visu liggja fyrir vottorð um það, að nokkrir skipstjórar hafi nefnt samningstímabil, það er frá 9. nóv. 1921 til 1. okt. 1922, fengið hundraðsgjald einnig af lifrarafla, en það sannar ekki, að það hafi verið samkvæmt hinum almenna samningi, heldur, að báðum aðiljum var leyfilegt að gjöra sérsamninga um herra kaup. Að visu gildi umræddur samningur ekki nema eitt ár, og enginn almennur samningur hefir verið gjörður síðan, en það má þó telja það nægilega sannað í málinu, að einmitt ákvæði samningsins hafa verið sú almenna regla um launakjör, sem gilt

hefir síðan bæði um fastakaup og hæð hundraðsgjaldsins. En stefnandi hefir leitast við að sanna það, að þetta hundraðsgjald hafi almennt náð til lifraraflans líka, og hefir hann lagt fram vottorð frá 13 skipstjórum, er sýna, að þeim hefir verið greitt hundraðsgjald af lifrarverði, nokkrum þeirra öll árin, en sumum nokkur þessara ára. Auk þess hefir stefnandi lagt fram vottorð frá einum framkvæmdarstjóra, sem stýrir 3 hlutafélögum, 6 skipum, og vottar að skipstjórum á skipum þessara félaga hafi frá ársbyrjun 1924 verið greiddur hundraðshluti af lifrarafla, þó ekki árið 1927 reiknaður af verðmæti lifraraflans heldur af upphæð lifrarþóknunar skipverja, sem er sitt hvað. Skipstjóra- og stýrimannafélagið Ægir hefir og gefið vottorð í málinu, þar sem sú skoðun er látin uppi, að skipstjórum beri að fá hundraðsgjald af lifur eins og öðrum afla og er sú skoðun meðal annars studd við það, að stýrimenn séu lögskráðir upp á hundraðsgjald af öllum afla skipsins. Með þessu, sem nú er sagt, hefir stefnandi stutt mál sitt um hundraðsgjald af lifrarafla, er hann telur fasta venju, en stefndur hefir mótmælt þessari staðhæfingu og lagt fram vottorð frá 10 útgjörðarmönnum, er ráða yfir 16 botnvörpum, um að þeir hafi eigi greitt skipstjórum gjald þetta.

Þar sem samningnum frá 1921 hefir sem almennri reglu verið fylgt um fastakaup og hundraðsgjald af fiskverði, en engin almenn venja hefir síðan myndast um hundraðsgjald af lifur, verður sjórétturinn að lita svo á, að stefnandi, sem eigi hefir fært sönnur á, að hann hafi haft sérsamning við stefndan, um hundraðsgjald af lifrarafla, eigi ekki heimting á þessu gjaldi, enda aldrei, svo séð verði, gjört athugasemd um vanfært kaup öll árin síðan 1922, þótt hann hafi haft greiðan aðgang að því að sannfæra sig um, að honum var ekki reiknað kaup af lifraraflanum. Það verður því að sýkna stefndan af þessum lið kröfunnar.

Því hefir ekki verið haldið fram í málinu, að stefnandi hafi verið ráðinn til ákveðins tíma og hann hefir ekki sannað, að 3 mánaða uppsagnarfrestur ætti að gilda um stöðu hans af aðilja hálfu, og greiðsla sú, sem stefndur innti af hendi til stefnanda frá uppsagnardegi til ársloka 1927, felur ekki í sér viðurkenningu þess, að stefnandi ætti heimtingu á fyrnefndum uppsagnarfresti. Þegar uppsögnin fór fram og stefnandi vék af skipinu, var ferð þess á enda og skipið stótt í Reykjavík. Samkv. 70. gr. siglingalaganna, sbr. 67. gr. sömu laga

bar skipstjóra því ekki kaup lengur en til þess tíma. Síðari liður kröfu stefnanda, um 3 % af andvirði ísfisksafla skipsins til 8. dez. 1927, hefir því ekki við rök að styðjast og á stefndur einnig að vera sýkn af þessum kröfulið.

Eftir þessum úrslitum þykir stefnandi eiga að greiða stefndum eftir kröfu hans málskostnað með 400 krónum.

Miðvikudaginn 12. febr. 1930.

Nr. 118/1929.

Réttvísinn og valdstjórnin

(Guðm. Ólafsson)

gegn

Ólafi S. H. Jóhannssyni (L. Jóhannesson).

Hegningarl., áfengis- og bifreiðarl.brot.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 22. apríl 1929: Ákærður, Ólafur S. H. Jóhannsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 1 mánuð. Ennfremur skal ákærður sviptur ökskirteini æfilangt.

Svo greiði ákærður allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem tekið er fram í hinum áfrýjaða lögreglu-réttardómi, er það sannað í máli þessu, að ákærði var undir áhrifum áfengis, er slysið varð, að horn bifreiðarinnar var í ólagi, svo að hljóðmerki varð eigi gefið með því, að ákærði notaði eigi nógu fljótt hemla bifreiðarinnar til þess að stöðva hana, og loks, að konan, sem varð undir bifreiðinni, og fylgdarkona hennar, voru á leið niður Vitastíginn, vinstra megin við miðju akbrautarinnar og beygðu réttilega til vinstri út af veginum, og að ákærði beygði einnig til vinstri handar í stað þess, að honum bar að vika til hægri, til þess að komast fram fyrir þær.